

Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning að stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Árni Þór Sigurðsson, Þuríður Backman,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Björn Valur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra í samvinnu við innanríkisráðherra að skipa starfshóp til að kanna grundvöll fyrir stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna, kosti þess og galla. Starfshópurinn skili niðurstöðu sinni til ráðherra eigi síðar en 1. desember 2013.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á 138. (276. mál), 139. (306. mál) og 140. löggjafarþingi (144. mál) en var ekki afgreidd. Hún er nú endurflutt lítið breytt.

Með tillögu þessari er lagt til að utanríkisráðherra í samvinnu við innanríkisráðherra verði falið að skipa starfshóp sem vinni að undirbúningi stofnunar björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna. Lagt er til að starfshópurinn skili ráðherra tillögum sínum eigi síðar en 1. desember 2013.

Á Íslandi er fyrir mikil þekking á björgunarmálum, bæði hjá opinberum aðilum og félagsamtökum. Hér er náttúra og allar aðstæður þannig að óvíða í heiminum er slíkt að finna. Íslenskir björgunarmenn hafa reynslu af björgun úr sjávarháska, eru vanir að takast á við for-áttuveður á landi, snjóflóð, jarðskjálfta, björgun af jökli, umfangsmiklar leitir á erfiðum landsvæðum o.s.frv. Þá hefur einnig skapast í landinu mikil þekking á viðbrögðum við eldgosum líkt og sýndi sig í tengslum við eldgosin í Eyjafjallajökli og flóðum tengdum þeim vorið 2010 og viðbrögðum við gosi í Grímsvötnum og flóðum á Mýrdalssandi á undanförunum árum. Af þeim sökum virðast hér vera kjöraðstæður, fyrir ríki með veikar stoðir á þessu sviði, að læra af reynslu Íslendinga og öðlast þar með meiri færni við björgunarstörf.

Þá hafa íslenskar björgunarsveitir tekið þátt í verkefnum erlendis og farið í útköll til hamfarasvæða erlendis þar sem sérþekking þeirra hefur verið nýtt, m.a. við rústabjörgun eftir jarðskjálfta og flóð. Skemmst er að minnast framgöngu ICE-SAR sveitarinnar við björgunarstörf á Haítí fyrir fáeinum árum sem vakti athygli á alþjóðlegum vettvangi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur frá árinu 1999 tekið þátt í samræmingarstarfi Sameinuðu þjóðanna og rekið alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar (ICE-SAR) sem var stofnuð með samkomulagi milli Landsbjargar, utanríkisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Hægt yrði að byggja á þeirri dýrmætu og viðamiklu þekkingu sem til er og á grundvelli þeirra sambanda sem nú þegar hefur verið stofnað til.

Hér á landi hafa nokkrar námsstofnanir innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna verið starfræktar sem bjóða nemendum frá þróunarríkjum upp á nám á sviðum sem Íslendingar hafa náð miklum árangri í á undangengnum áratugum.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna var stofnaður árið 1975 og hefur höfuðstöðvar sínar í Tókíó, enda þótt háskólustarfsemin sé dreifð á fjölda stofnana um heim allan. Markmið hennar er einkum að aðstoða svokölluð þróunarlönd á ólíkum sviðum.

Hér á landi hefur Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna starfað síðan 1979 innan Orkustofnunar. Á vefsíðu hans segir: „Markmið Jarðhitaskólans er að aðstoða þróunarlönd, þar sem nýtanlegur jarðhiti finnst, við að byggja upp og efla hóp sérfræðinga í jarðhitafræðum, sem geta unnið á hinum ýmsu sérviðum í rannsóknnum á jarðhita og nýtingu hans. Þetta er gert með því að bjóða upp á sérhæfða sex mánaða þjálfun. Þessi þjálfun er opin háskólamenntuðum einstaklingum sem hafa minnst ársreynslu í starfi við jarðhitarannsóknir í heimalandinu.“

Nýlega hefur námið verið útvíkkað með því að bjóða bestu nemendum upp á framhaldsnám til meistaraþráðu í jarðhitavísindum eða jarðhitaverkfræði. Allmargir nemendur eru þó þegar komnir með meistaraþráðu og sumir doktorsþráðu áður en þeir koma til náms í Jarðhitaskólanum. Umrædd útvíkkun var gerð í samvinnu við Háskóla Íslands árið 2000. Á árinu 2012 útskrifuðust frá Jarðhitaskólanum alls 33 nemendur frá 17 löndum en frá 1979 hafa 515 vísindamenn og verkfræðingar frá 53 löndum lokið sex mánaða þjálfun hér á landi. Nemendur hafa að miklu leyti komið frá Asíu og Afríku en einnig Suður-Ameríku og Mið- og Austur-Evrópu, hlutfall kvenna er til þessa 19%. Íslenska ríkið hefur kostað rekstur skólans að mestu leyti.

Þegar Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hóf hér göngu sína árið 1998 sóttu hann sex nemendur frá Afríku einni. Tólf árum síðar voru þar 19 manns við nám, konur og karlar, frá öllum heimshornum. Einnig styður skólinn nám 8–10 doktors- og mastersnema hér á landi. Á vefsíðu skólans segir: „Í náminu er lögð áhersla á hagnýta þekkingu og reynslu, og nemendur vinna náðið með íslenskum leiðbeinendum í verkefnavinnu og starfskynningum sem taka rúman helming þeirra sex mánaða sem námið varir. Á hverju ári er boðið upp á sérnám á 3–4 brautum, en sérnámið tekur á bilinu 4–5 mánuði. Skólinn er að mestu leyti fjármagnaður með hluta af framlagi Íslands til þróunarmála og með framlögum frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Að auki hafa nokkrir nemendur stundað nám með styrk frá öðrum aðilum. Skólinn hefur sérstaka stjórn og er samstarfsverkefni fjögurra stofnana undir forystu Hafrannsóknastofnunarinnar en forstjóri hennar er formaður stjórnar.“

Haustið 2009 hóf göngu sína Jafnréttisskólinn (Gender Equality Training Programme), sem er starfræktur á vegum Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið og í tengslum við Öndvegisklasa í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum. Skólinn er hugsaður sem liður í þróunarsamvinnu Íslands og er meginmarkmið hans að skipuleggja og bjóða upp á nám og þjálfun sem miðast við að auka getu stofnana og einstaklinga sem koma að uppbyggingu og framkvæmd jafnréttisstarfs í þróunarlöndum og á fyrrum átakasvæðum, auk þess að vera vettvangur fyrir yfirlærslu þekkingar og reynslu af jafnréttisstarfi á Íslandi. Í lok árs 2012 útskrifuðust sex nemendur frá Afganistan, Mósambík, Palestínu og Úganda frá Jafnréttisskólanum en það var þá fjórði nemendahópurinn sem útskrifaðist frá honum eftir 20 vikna nám.

Á árinu 2012 fór fram sameiginleg björgunaræfing við austurströnd Grænlands á grundvelli samnings um leit og björgun frá 2011 og tóku íslenskir viðbragðsaðilar þátt í henni. Samkvæmt skýrslu utanríkisráðherra er nú unnið að því að þróa samvinnu við önnur ríki um öryggissamvinnu í nágrenni Íslands. Stofnun alþjóðlegs björgunarskóla gæti verið mikilvægt innlegg í slíkt samstarf og gæti enn frekar styrkt stöðu Íslands innan Norðurskautsráðsins.

Við nám í björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna mætti leggja áherslu á verklega og bóklega þætti, hvort heldur væri sem vettvangsvinnu, þátttöku í raunverulegum aðgerðum á vettvangi, fyrirlestrum og verkefnaskilum og áætlanagerð. Þá væri einnig hægt að gera ráð fyrir rannsóknar- og þróunarvinnu á sviði björgunarmála.

Fyrir um áratug birti fyrsti flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu blaðagrein undir nafninu „Björgunarskóli Sameinuðu Þjóðanna“ (sjá fylgiskjal I). Þar var reifuð hugmyndin um slíkan skóla sem mætti t.d. reka í Keflavík og nýta þau mannvirki sem eru á Keflavíkurflugvelli eftir brottför Bandaríkjahers. Við undirbúning og skipulagningu slíks skóla væri rétt að sækjast eftir samvinnu við stofnanir eins og Landhelgisgæsluna, almannavarnahluta ríkislögreglustjóra, Veðurstofuna, sjúkrahúsin og háskólastofnanir auk Landsbjargar og sjómannasamtakanna. Síðast en ekki síst væri með stofnun björgunarskóla Háskóla Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi um að ræða uppbyggilegt framtak til þess að bæta ímynd lands og þjóðar á alþjóðavettvangi og þarft framlag til alþjóðasamstarfs.

Atvinnuástand á Suðurnesjum hefur verið mikið til umræðu síðustu missiri og ljóst að þarf að grípa þar til aðgerða. Með stofnun Björgunarskóla Sameinuðu Þjóðanna mundi fjölga störfum. Bæði yrði um að ræða störf tengd kennslu og umsýslu námsins, en einnig störf tengd rekstri tækjabúnaðar, t.d. báta og björgunarþyrila. Fyrir er á svæðinu mikil þekking á þessum sviðum og slíkur skóli yrði ein stoð undir atvinnulífið þar syðra. Hlutverk starfshópsins yrði m.a. að meta þau áhrif sem stofnun sem þessi gæti haft á atvinnulífið á svæðinu.

Fylgiskjal I.

Ólafur Þór Gunnarsson:

Björgunarskóli Sameinuðu Þjóðanna.

(Morgunblaðið, 28. október 2003.)

Undanfarnar vikur og mánuði hafa Íslendingar verið að átta sig á því hversu varhugavert það getur verið að reiða sig í miklum mæli á erlenda þjóð, hversu vinveitt sem hún kann að vera, í björgunarmálum. Í sumar þurftu þyrilur Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli að hverfa til annarra starfa tímabundið, og á meðan máttum við Íslendingar sætta okkur við „skert“ öryggi hvað þennan þátt björgunarmála varðar. Í sumar komu einnig upp háværar raddir vestan hafs sem vildu afleggja allan flugflota BNA í Keflavík. Miklar líkur eru á að þær raddir séu ekki meira en í dvala um stund, og munu vafalítið koma upp aftur fyrr en síðar.

En hvernig geta þá stjórnvöld brugðist við þessum vanda? Skoðum það mál nánar. Ísland er um margt sérstætt land, bæði hvað varðar landið sjálft og þjóðina sem byggir það. Hér verða náttúruhamfarir í einhverjum mæli með óþægilega reglubundnum hætti, og því hefur orðið til á löngum tíma víðtæk þekking í landinu í margskonar björgunarmálum. Þetta á við um björgun úr sjávarháská, af hamfarasvæðum, viðbrögð við eldgosum, snjóflóðum, jarðskjálftum, ofsaveðrum og svo mætti lengi telja. Við Íslendingar erum kannski ekki með mestu þekkinguna á mörgum þessara sviða, en reynsla af flestum þáttum björgunarmála er víðtæk. Þetta á bæði við um opinbera aðila og frjáls félagasamtök. Þegar eru til stofnanir innanlands eins og Björgunarskóli Landsbjargar og Slysavarnaskóli sjómanna auk þjálfunarbúða Landsbjargar á Gufuskálum að ótöldum þeim opinberu stofnunum sem að björgunarmálum koma.

Íslendingar ættu að leggja það til við Sameinuðu Þjóðirnar að hér verði settur á stofn Björgunarskóli Sameinuðu Þjóðanna. Þegar er komin ágæt reynsla af deildum tengdum háskóla Sþ í jarðhitafræðum og fiskiðnaði, og full ástæða til að ætla að við gætum staðið myndarlega á bak við stofnun af þessu tagi. Með vaxandi rannsóknarstarfsemi á sviði björgunarmála mætti jafnvel hugsa sér beina tengingu við Háskóla Sþ á svipaðan hátt og hinar deildirnar. Náttúrulegar aðstæður allar hér á landi gætu nýst afar vel, og þegar er mikill

mannauður til staðar í landinu sem myndi þarna fá tækifæri til að vaxa. Vissulega væri kostnaður þessu samfara, en nú um stundir er einmitt rætt um að Íslendingar þurfi að taka sig á og leggja meira af mörkum til alþjóðasamfélagsins, og því ekki vanþörf á að finna nýjar og jákvæðar leiðir til þess. Ávinningur okkar gæti falist í því að búnaður sem fylgdi slíkum skóla gæti nýst okkur við björgun innanlands þegar á þyrfti að halda.

Stofnanir eins og Landhelgisgæslan, almannavarnarþáttur ríkislögreglustjóra, Veðurstofan, sjúkrahúsin og háskólastofnanir auk Landsbjargar og sjómannasamtakanna gætu komið að undirbúningi og skipulagningu slíks skóla. Með stofnun og rekstri Björgunarskóla Sp gætu Íslendingar stigið spor fram á við sem eftir yrði tekið á alþjóðavettvangi.

Fylgiskjal II.

Nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

(Þingskjal 1538, 306. mál 139. löggjafarþings.)

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsögn frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er lagt til að dómsmála- og mannréttindaráðherra í samvinnu við utanríkisráðherra verði falið að skipa starfshóp sem vinni að undirbúningi stofnunar björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna. Lagt er til að starfshópurinn skili ráðherra tillögum sínum eigi síðar en 1. desember 2011.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er á Íslandi mikil þekking á björgunarmálum, jafnt hjá opinberum aðilum sem félagasamtökum. Hér er náttúra og allar aðstæður þannig að óvíða í heiminum er slíkt að finna. Íslenskir björgunarmenn hafa reynslu af björgun úr sjávarháska, eru vanir að takast á við foráttuveður á landi, snjóflóð, jarðskjálfta, björgun af jökli, umfangsmiklar leitir á erfiðum landsvæðum o.s.frv. Af þeim sökum virðast hér vera kjöraðstæður, fyrir þjóðir með veikar stoðir á þessu sviði, að læra af reynslu Íslendinga og öðlast þar með meiri færni við björgunarstörf.

Nefndin hefur kynnt sér það öfluga starf sem unnið er innan stofnana Háskóla Sameinuðu þjóðanna hérlendis, Jarðhitaskólans, Sjávarútvegsskólans og Landgræðsluskólans auk tilraunaverkefnis um jafnréttisskóla sem nú er í gangi. Meiri hlutinn telur fulla ástæðu til að kanna grundvöll þess að stofna björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi en telur ekki rétt að kveða afdráttarlaust á um að slíkan undirbúning skuli hefja nema að undangenginni rækilegri skoðun. Meiri hlutinn leggur því til þær breytingar á tillögu greininni að starfshópi verði falið að meta kosti þessa og galla og skuli skila niðurstöðu sinni til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. janúar 2012.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögu greinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp til að kanna grundvöll fyrir stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna, kosti þess og galla. Starfshópurinn skili niðurstöðu sinni til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en 1. janúar 2012.

Birgitta Jónsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. maí 2011.

Árni Þór Sigurðsson,
form., frsm.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Helgi Hjörvar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Valgerður Bjarnadóttir.

